**Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar**

**Kennsluáætlun**

# Danska 9. bekkur

Í dönsku í 9.bekk eru 4 kennslustundir á viku. Kennari er Elsa Sigrún Elísdóttir.

## Vinnulag

Í kennslustundum í dönsku er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi. Nemendur þjálfa upp hæfni í máli, lestri, ritun og hlustun. M.a.verður notast við kennslubækur,texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Nemendur bera ábyrgð á að skrifa niður heimanám, jafnframt verður heimanám nemenda aðgengilegt á mentor.is.

Staða í námi er metin út frá verkefnum nemenda auk stuttum könnunum jafnt og þétt yfir önnina.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Smil lesbók og vinnubók.

## Vinnuáætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið – notuð við námsmat | Afurð / Námsmat |
|---|---|---|---|
| Smil<br>Tak<br>Dejlige Danmark | Lesbók og vinnubók<br>Ýmis verkefni tekin af netinu eða úr öðrum verkefnabókum. | **Nemandi getur**<br>• lesið sér til gagns almenna létta texta.<br>• tekið einfaldar upplýsingar úr texta til að nýta sér í verkefnavinnu.<br>• getur sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum | Vinna í vinnubók<br>Símat<br>Kannanir<br>Þemaverkefni þar sem nemendur kynna verkefni að eigin vali. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ritun** | | **Nemandi getur:**<br>• skrifað samfelldan texta, á einföldu máli, sýnt fram á viðeigandi tök á orðaforða og fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta | Söfnum öllum verkefnum í möppu. |
| **Málfræði** | Ýmis verkefni af neti.<br>Grammatik | **Nemandi getur:**<br>• beitt reglum í nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum. | |
| **Talað mál og framsögn** | | **Nemandi getur:**<br>• talað og skilið einfalt daglegt mál<br>• nýtt sér ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, tungumálaforrit og leitarforrit.<br>• tileinkað sér réttar áherslur og framburð. | |

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Matið fer fram bæði skriflega og munnlega, með stuttum samtölum á dönsku og með skriflegum tímaverkefnum.

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok

Með fyrivara um breytingar

Með ósk um gott gengi,

Elsa Sigrún Elísdóttir